

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Margréti Frímansdóttur.

1. Við bætist ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:
Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Tryggingastofnun er heimilt, í samræmi við reglur sem ráðherra setur, að víkja frá búsetuskilyrði 1. másl. við greiðslu barnalífeyris.
2. Við bætist ný grein er verði 24. gr. og orðist svo:
5. gr. laganna orðast svo:
Heimilt er, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða maka eða öðrum þeim sem heldur heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega maka- eða umönnunarbætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.